

BUBBI MORTHEMS

Veidisögur

LJÓSMYNDIR: EINAR FALUR INGÓLFSSON



BÓKAÚTGÁFAN SALKA





Formáli

Að rifja upp allar þær stundir sem ég hef átt við árbakkann er auðvelt að kvöldi dags í góðra vina hópi. Þá er ekki erfitt að kalla fram myndir og atburði og tala um þá stóru eða um það sem gerðist þann daginn þannig að félögum finnist bragð að. En að setjast niður og ætla sér að skrifa, það er allt annað mál og erfiðara.

Mínar dýrmætustu stundir hafa verið við árbakkana þar sem laxinn klýfur strauminn eða á bát með stöngina úti að kasta fyrir silung, tala nú ekki um við Þingvallavatn á fögrum morgni. Ég hef veitt frá því ég man eftir mér, ég mun veiða þangað til lífi mínu lýkur hér á jörðu.

Í þessari bók eru rifjaðar upp stundir við ár og vötn sem ég hef dvalið við og hef ég valið að segja svo til eingöngu sögur frá tímabilinu eftir að ég gerðist fluguveiðimaður þó að ég eigi góðar minningar sem ná miklu lengara aftur í tímann. Þetta er svona létt spjall um veiði, ekkert annað, og á ekki að vera neitt annað. Smásögurnar í bókinni eru báðar byggðar á raunverulegum atburðum en færðar í stílinn.

Mig langar að þakka Silju Aðalsteinsdóttur fyrir að hjálpa mér við að hreinskrifa megnið af bókinni. Silja hefur engan áhuga á veiði og henni leiðast veiðisögur. Það hefur hún sagt mér brosandí með sinni fallegu rödd, samt leggur hún á sig að lesa um flugur á netinu til þess að fullvissa sig um að þetta sé nú allt rétt og gott. Hún á þúsund kossa skilið og óendanlegar þakkir frá mér fyrir að vera vinur minn í orðsins fyllstu merkingu. Síðan er það hin konan, hún Hildur Hermóðsdóttir sem er af veiðimönnum komin, hefur veitt gegnum

MYND TIL VINSTRI:
*Samspil ljóss og skugga,
flugan borin í sólina.*



árin, hefur starfað við leiðsögn og skilur allt sem snýr að veiði. Hún rekur Bókaútgáfuna Sölku sem hefur svo til eingöngu sérhæft sig í bókum sem tengjast konum, samt hleypir hún mér að með sögunnar mínar vegna þess að hún skilur hvötina.

Auðvitað vona ég að þér, lesandi góður, þyki bókin mín skemmtileg og örugglega finnst þér myndirnir hans Einars Fals fallegar. Hann Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari skilur veiðieðlið sem yfirstúgur rök heilans, fær þig til þess að gleyma öllu öðru. Hann er sjálfur innvígður í þennan dásamlega heim sem við veiðimenn einir þekkjum. Heim þar sem þú gleymir hinu daglega lífi og verður aftur barn í hjarta þínu nokkra daga á ári. Veiðimennskan er okkar líf, okkar Paradís hvort sem rignir eldi og brennisteini eða sólin skín. Veiðimennska er eitthvað sem sumt fólk á erfitt með að skilja en við sem erum veiðimenn teljum okkur blessaða að njóta.

Í ágústmánuði, 2011,
Bubbi Morthens.



Byrjunin

Að vera ánetjaður stangveiði – vera stangveiðimaður – er dásamleg reynsla og lífsstíll. Þú færð út úr því hámarksgleði og ánægju; þú kynnist fólki með sömu áhugamál; þú dvelur í faðmi náttúrunnar í alls konar veðrum; þú lærir að lesa ána, skilja rödd hennar; þú þroskar og dýpkar sjötta skilningarvitið; þú kynnist landinu þínu á nýjan hátt og sjálfum þér líka. Þú ferð að heyra innri rödd þína, þessa sem þú hlustaðir á þegar þú varst barn. Sú rödd varð að láta í minni pokann þegar rödd fullorðinsáranna tók yfir og yfirgnæfði innri rödd þína árum saman.

Mér finnst ég lifa dásamlega skemmtilegu lífi í dag sem aðeins innvígðir skilja. Að dvelja á bakkanum er heilsusamlegt. Því segir þú það? Jú, allt sem vekur hjá manni gleði er hollt og gott, áhyggjur dagsins hverfa sem döggi fyrir sólu, allt stress líður úr þér, þú endurnýjar kraftinn og orkuna sem þú hefur kannski gengið freklega á vikurnar á undan – áður en þú komst í ána.

Ég hef veitt á stöng frá því ég var barn og núna veiði ég líka með börnunum mínum. Að veiða með barninu sínu er ólýsanleg sæla og gleði, þvílíkar gæðastundir sem veiðin hefur gefið mér. Allir vinirnir sem ég hef eignast, öll þessi óendanlegu augnablik sem lifa innra með mér og þessi dásamlega tilfinning sem maður finnur þegar maður horfir á ána streyma framhjá, horfir í strauminn og iðuköstin. Maður skynjar að áin er lifandi vera með sína sál og anda. Á slíkri stundu finn ég hvað dýpst í brjósti mínu að ég lifi. Ég er meðvitaður um að ég er lifandi á bakkanum. Af öllu því sem ég hef tekið mér fyrir hendur um dagana fyrir utan að eignast börn og búa til tónlist er veiðin það dásamlegasta.





Silungurinn í Meðalfellsvatni



Sennilega byrjaði þetta allt um sex ára aldurinn í Kjósinni. Meðalfellsvatnið er stórt að sjá fyrir lítinn strák, dularfullt, blátt, grænt og svart, allt eftir birtu og ljósi, fullt af silungi, spretthörðum urriða. Laxinn kom í vatnið í lok júní. Dag einn snemma morguns þegar sólin var að byrja að lyfta sér, syfjuð og hæg, yfir Meðalfellið og móarnir ilmuðu af mold og þurri sinu, kýrnar lölluðu eftir slóðanum í fjallinu, flugur suðuðu og fuglasöngur í lofti, vatnið eins og skyggt gler, fjallahringurinn á hvolfi í því, silungur að vaka, þá ... kom hann upp úr djúpinu, silfurbjartur, stökk eins hátt og kraftar hans leyfðu. Eitt augnablik var hann kyrr, síðan féll hann ofan í vatnið og gusurnar gengu í allar áttir, öldurnar bylgjuðu vatnið. Ég hljóp inn og hrópaði: Mamma mamma, laxinn er kominn í vatnið! Mamma brosti til mín og sagði lágri röddu: En gaman.

Sem litlir strákar eyddum við bræðurnir flestöllum okkar dögum niðri við vatnið á sumrin. Foreldrar mínir höfðu byggt sér bústað árið 1954, uppi í fjallinu þar sem ég bý núna. Á vorin voru síli í öllum vikum og vogum. Ég notaði dósir undan Ora fiskibollum og setti þær í vatnið að kvöldi dags af því að silfurbjört dósir heillaði sílin. Á morgnana þegar ég vaknaði var það fyrsta sem ég gerði að hlaupa niður að vatni og læðast að dósinni, lyfta henni varlega upp, og hvíllik gleði ef það var síli syndandi í hringi innan í. Stundum voru þau tvö eða þrjú. Sá sem hefur læðst léttum fótum í vatni fullu af ævintýrum, læðst þannig að ekkert hljóð heyrir, veit hvað verið er að tala um. Þú dregur fótinn upp úr vatninu, stoppar andartak með hann á lofti, heldur niðri í þér andanum. Síðan sigur fóturinn löturhægt niður í

MYND TIL VINSTRI:
*Júníkvöld við
Neðri-Spegil í Kjós.*



*Feðgar með
fallega veiði úr
Meðalfellsvatni.*

vatnið án þess að hornsílið sem þú hefur fest augu á verði nokkurs vart. Þú leggur lófann bakvið sílið og færir hann ofurhægt í átt að því meðan hinn lófinn sem heldur dósinni færir hana örlítið til hliðar. Sílið heldur að þar sé skjól að finna og þegar lófi þinn er kominn það nálægt að sílið telur sér ógnað þá syndir það inn í dósina sem þú lyftir upp af öryggi og alveg án æðibunugangs. Mér þótti þetta toppurinn á tilverunni. Dag eftir dag dundaði ég mér í vatninu við að veiða hornsíli.

Dag einn kom pabbi með stóran trébát fyrir fjóra ræðara og setti á flot. Þvílíkt skip, fannst mér, vá! Bræður mínir fóru svo daglega til veiða á bátnum en ég fékk örsjaldan að fara með sökum þess hversu ungur ég var. Mest var notaður spúnn og maðkur. Vinsælasti spúnninn hét Íslandsspúnn. Það fylgdi víst sá galdur honum að laxinn átti bara ekki að geta staðist það að elta hann og glefsa í hann. Þá var trollað, eins og við kölluðum það, róíð og agnið dregið aftur úr með bátnum. Það er hólmi vestanmegin í vatninu. Við hólmann liggja oft stórir urriðar á mótum grynninga og dýpis. Stundum sáum við urriðana þarna niðri, dökka, langa skugga með stór höfuð.

Ég stóð stundum og horfði tímunum saman á bátinn úti á vatninu og ímyndaði mér hvað væri að gerast um borð. Síðan hljóp



ég niður í fjöruborðið og beið þess að þeir kæmu í land, oft alveg drekkhlaðnir að mér fannst. 20-30 urriðar var ævintýralegur afli í augum sex ára gutta. Öðru hvoru kom einn og einn dólgur með, 2-6 punda fiskur sem mér fannst gríðarlega stór. Einn daginn gat ég grenjað mig með þeim út á vatn. Ég fékk kefli sem var búíð að vefja upp á girmi, á girmið voru settar sökkur, öngull og maðkur. Pabbi var með, sem gerði þetta allt meira spennandi. Á leiðinni út í hólma og þó ekki mjög langt frá hólmanum varð allt fast. Þegar ég tilkynnti þetta byrjuðu bræður mínir að kveina. Maður gat verið viss um að það þýddi ekkert að draga Bubba með, alltaf vesen, sungu þeir. Pabbi tók við færinu og þegar hann byrjar að toga í það stekkur hann! Í mínum augum var laxinn guðleg vera. Laxinn var konungur fiskanna, keisari árinna, og þarna hafði honum þóknast að gleypa beituna hjá mér – sem hafði ekki einu sinni stöng til þess að bjóða upp á. Eftir langa baráttu sleit hann en pabbi fann hann daginn eftir við hólmann, liggjandi dauðan í grunnvatninu. Frá þeirri stundu varð ég forfallinn veiðimaður. Það var þarna sem veiðigyðjan kyssti mig kossi sínum og áhrifin bergmála enn í dag í vitund minni.

Ég minnst þess líka þegar pabbi vakti mig einu sinni. Kliður í stofunni, bræður mínir voru að tala saman. Þegar ég kem fram sé

Fallegur urriði úr vatninu.



*Meðalfellsvatn í Kjós - vettvangur fyrstu veiðiaðventýra höfundar.
Bugða fellur úr vatninu hér að ofan, til vinstri, en að sunnanverðu
renna Sandá og Flekkudalsá út í vatnið.*



ég að mikið stendur til, það á að fara í næturveiði með luktir. Við göngum niður að vatninu og gerum bátinn kláran. Ég sest í botninn og heyri hvernig bárunar hjala við kjölinn. Það er myrkur. Nú eru stangir gerðar klárar og maðkinum er rennt út. Fjórar luktir eru hengdar við borðstokkinn og pabbi segir að nú verði silungurinn vitlaus og þeir stóru muni koma upp og taka. Aldrei vissi ég hvort það var ástæða þess hvað við veiddum vel þessa nótt en hvílíkt ævintýri sem þetta var. Og enn í dag lifir þessi veiðiferð mér í minni. Allur aflinn var settur í koddaver þegar við komum í land og borinn heim í hús þar sem mamma beið með heitt kakó. Daginn eftir var sumt flakað og sett í reyk, annað var einfaldlega soðið og borðað með smjöri og kartöflum.

Um átta ára aldurinn eignaðist ég stöng og hjól. Þetta var auðvitað þvítíkur fjársjóður, mín eigin stöng, vááá! Ekki var þetta neinn lúxusgripur en stöng var það. Ég gróf upp maðka, ég vissi hvar þeir stóru og dökku voru. Ljósir maðkar voru notaðir, smáir og mjóir, þeir voru alltaf teknir seinast. Ég reri út á vatnið, hafði stöngina fyrir framan mig, lét hana hvíla á öftustu þóftu, skorðaði skaftið milli fóta mér og hafði ekki auga af henni, reri ofurhægt.



Þegar stangartoppurinn titraði og bognaði í þrígang vissi ég að mér væri óhætt að taka stöngina, þá hafði silungurinn kokgleypt maðkinn. Stundum var ég úti á bátnum allan daginn með fjallahringinn í kringum mig. Snemma á morgnana í stillunni reri ég niður hliðar fjallsins sem speglaði sig í vatninu á hvolfi. Þögnin var rofin öðru hvoru af dráttarvél úti á engjum og stöku hundgá. Þetta voru hamingjudagar fullir af frelsi og áhyggjuleysi.

Ég veiddi næstum hvern einasta sumardag þar til ég varð 13 ára gamall. Aldrei fékk ég þó stóra fiska, stundum væna, aldrei stóra. Líf mitt snerist mikið til um veðrið öll æskuárin. Þetta voru dagar núsins, augnablikið gat verið óendanlega langt. Í minningunni eru þetta grænir dagar, fullir af sól og brosi móður minnar.

Móðir mín hafði áhyggjur af okkur strákunum þarna úti á vatninu án þess að vera í björgunarvestum, en við lærðum með tímanum á áttir vinda og strauma. Slys hafa orðið á vatninu; þar hafa drukknað menn og það fleiri en einn. Vatnið getur orðið varasamt í hvassri suðaustanátt. Meðalfellsvatn fellur í laxveiðiá sem heitir Bugða og er þverá Laxár í Kjós. Þangað fórum við oft bræður til að horfa á laxveiðimenn við veiðar sínar. Í mínum augum var maður sem



stundaði laxveiði heppnasti maður í heimi. Seinast í júní voru þeir komnir með stangirnar sínar. Silfurgljáandi lax sem lá í grænu grasi var það fallegasta sem veiðisjúkur strákur sá. Ég gat setið á bakkanum tímunum saman og horft á veiðimennina kasta. Flestir þeirra veiddu á maðk en alltaf voru einhverjir sem köstuðu flugu. Mér þótti það alltaf undur hvernig þeir gátu haldið línunni á lofti. Síðan sveif flugan í loftinu og lenti í ánni eins og ekkert væri auðveldara í heimi hér.

Árin líða og maður verður unglíngur. Foreldrar mínir skildu, faðir minn flutti í Kjósina. Ég fór alltaf tvisvar til fjórum sinnum á sumri til hans og veiddi. Stundum dvaldi ég hjá honum viku eða hálfan mánuð í senn og vann þá við hitt og þetta, gróf rótþró eða bar viðarolíu á bústaðinn. Mér er minnisstætt sumarið 1974. Þá dvaldi ég hjá honum og gróf fyrir rotþró í garðinum og við hlustuðum á upplestur úr bókinni Hús málarans í útvarpinu. Það voru dýrðarstundir. Ég vaknaði um klukkan sex eða sjö á morgnana, fór út á vatn á bátnum og veiddi fjóra fimm silunga í hádegismatinn; síðan

Hvort sem það er stór eða lítill fiskur er það alltaf ævintýrii augum þess sem horfir með barnshjartanu.



gróf ég fyrir þrónni fram til klukkan fimm, þá fór ég út á bátnum í tvo-þrjá tíma og veiddi. Þegar ég var orðinn þetta 17-18 ára féll veiðiskapur að mestu niður hjá mér. Ég fór að þvælast meir og meir um landið sem farandverkamaður og lítill tími var til þess að veiða. Öðru hvoru kom ég þó í sveitina, veiddi, reri á bátnum fram og til baka á vatninu og trolaði. En áhugamálin voru orðin önnur og komu sterk inn í líf mitt, stelpur, músík, hass. En mér fannst gaman að koma uppeftir og kastaði fyrir silunginn. Þar fann ég alltaf ró og frið.

Upp úr tvítugu kom löng pása, fjögur ár, þar sem ég gerði lítið af því að veiða en spilaði og dópaði á fullu. Í kringum 1984 byrjaði ég að reyna að kaupa ódýr laxveiðileyfi og fara í árnar. Veiðifélagi minn á þessum árum var Þorleifur Guðjónsson æskuvinnur minn sem hafði verið bassaleikari í EGO og spilaði með KK seinna meir.

Einn fyrsti túrinn okkar Þorleifs saman var í Laxá í Kjós sumarið 1985. Við vissum lítið um ána nema ég þekkti svæðið fyrir neðan foss frá gamalli tíð. Við vorum græningjar, blautir bakvið eyrun. Kjósinn getur verið ótrúlega falleg á sumarkvöldi seint í júní þegar ljóssins skuggar vefja sig eftir dalnum, grasið verður fölgrænt og stundum